

## **Samþykki og umboð vegna vinnslu greiðslumats í kjölfar umsóknar samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna**

Undirritaður óskar eftir því að embætti umboðsmanns skuldara vinni greiðslumat sem lagt verður til grundvallar vinnslu umsóknar um afmáningu veðréttinda af fasteign skv. 12. gr. laga nr. 50/2009, hjá embætti sýslumanns. Embætti sýslumanns mun leggja mat á greiðslumatið og kanna hvort undirritaður uppfylli skilyrði framangreinds ákvæðis um *að vera um fyrirséða framtíð ófær um að standa í fullum skilum með greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í fasteign og að vera fært að standa í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni eftir afmáningu veðréttinda*. Af þeim sökum veitir undirritaður embætti umboðsmanns skuldara samþykki og umboð:

- til að afla upplýsinga um tekjur, gjöld, eignir, skuldir, ábyrgðarskuldbindingar, framfærslu- og húsnæðiskostnað, frá öllum þeim aðilum sem geta veitt framangreindar upplýsingar. Með vísun í tekjur, er átt við hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, t.a.m. bætur, styrkir, lífeyrisgreiðslur, meðlagsgreiðslur og opinber fjárhagsaðstoð. Í framangreindri heimild felst jafnframt samþykki fyrir að embættið óski eftir nýjum skattframtölum frá Ríkisskattstjóra sem talin hafa verið fram eftir að samningur um greiðsluáðlögun tók gildi. Embættið getur kallað eftir upplýsingum með rafrænum hætti frá öllum þeim aðilum sem embættið hefur vefþjónustu við. Um er að ræða Tryggingastofnun, Ríkisskattstjóra, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann og Íbúðalánasjóð. Þá geta skrifleg erindi verið send til Tollstjóra, Motus sem og eftir atvikum til annarra aðila sem ráða má af umsókn, skattframtölum og viðtali við umsækjanda, að geta veitt framangreindar upplýsingar. Samþykki þessu er framvísað þegar upplýsinga er aflað með skriflegum erindum. Á grundvelli samþykkisins getur embættið jafnframt aflað upplýsinga frá Creditinfo um færslur á vanskilaskrá og eignir umsækjanda. Með samþykki þessu felst jafnframt heimild til að fá upplýsingar úr Þjóðskrá um lögheimili, þ. á m. lögheimilissöguvottorð, hjúskaparstöðu og heimilismenn umsækjanda.
- til að hafa milligöngu um samskipti við kröfuhafa undirritaðs og embætti sýslumanns sem hefur umsókn um afmáningu veðréttinda skv. 12. gr. 1. nr. 50/2009 til meðferðar.
- til að framsenda greiðslumat ásamt gögnum sem matið byggir á til embættis sýslumanns.
- til að fá senda niðurstöðu afmáningarmáls frá embætti sýslumanns sem hefur málið til meðferðar.

Upplýsinga er aflað á grundvelli 3. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara og eru þær háðar því skilyrði að vera nauðsynlegar vegna úrvinnslu málsins hjá embættinu og að fylgt sé ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Embætti umboðsmanns skuldara mun kynna undirrituðum niðurstöðu greiðslumats þegar það liggur fyrir. Hafi undirritaður athugasemdir við greiðslumatið, verða þær sendar í skriflegri greinargerð með greiðslumatinu til embættis sýslumanns.

Samþykki þetta og umboð gilda meðan mál undirritaðs er til vinnslu hjá umboðsmanni skuldara. Undirritaður getur afturkallað heimild þessa þar til greiðslumat hefur verið sent til embættis sýslumanns. Sé heimildin afturkölluð lýkur embætti umboðsmanns skuldara meðferð máls þegar í stað en í því felst að umboðsmaður skuldara hættir vinnslu greiðslumats.

Með undirskrift sinni staðfestir undirritaður að hafa kynnt sér hvað felst í samþykki þessu. Þá staðfestir undirritaður að vera samþykkur framangreindri gagnaöflun og þeirri vinnslu sem mun eiga sér stað.

**Á vefsíðu embættisins er birt persónuverndarstefna þar sem finna má allar nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og réttindi einstaklinga.**

---

Staður, dagsetning

---

Undirskrift

---

Kennitala

---

Undirskrift

---

Kennitala